

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 206/2024

2024/EES/92/25

frá 23. september 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1278 frá 8. maí 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir blásýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 8, 14 og 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1286 frá 8. maí 2024 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivörunni BOMBEX® PEBBYS® CS sem vakið var máls á í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1305 frá 8. maí 2024 um óleyst andmæli varðandi skilyrðin fyrir endurnýjun leyfis fyrir sæfivörunni Elector í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1283 frá 13. maí 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir cis-tríkos-9-eni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1285 frá 13. maí 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir hexaflúmúróni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁵⁾.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12ZZZZZZZZZZ (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/888) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12ZZZZZZZZZZ. **32024 D 1278:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1278 frá 8. maí 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir blásýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 8, 14 og 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/1278, 13.5.2024).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1278, 13.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/1278/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1286, 15.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/1286/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1305, 13.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/1305/oj

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1283, 15.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/1283/oj

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1285, 15.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/1285/oj

- 12zzzzzzzzzzu. **32024 D 1286:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1286 frá 8. maí 2024 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivörunni BOMBEX® PEBBYS® CS sem vakið var máls á í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/1286, 15.5.2024).
- 12zzzzzzzzzzv. **32024 D 1305:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1305 frá 8. maí 2024 um óleyst andmæli varðandi skilyrðin fyrir endurnýjun leyfis fyrir sæfivörunni Elector í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/1305, 13.5.2024).
- 12zzzzzzzzzzw. **32024 D 1283:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1283 frá 13. maí 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir cis-tríkos-9-eni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/1283, 15.5.2024).
- 12zzzzzzzzzzx. **32024 D 1285:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1285 frá 13. maí 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir hexaflúmúróni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/1285, 15.5.2024).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2024/1278, (ESB) 2024/1286, (ESB) 2024/1305, (ESB) 2024/1283 og (ESB) 2024/1285, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.